

Fundur foreldrafélags leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar

24. febrúar 2020

Mættar: Ingibjörg Sigmundsdóttir, Inga María Sigurðardóttir, Bára Tómasdóttir, Andrea Ýr Arnarsdóttir, María Ragnarsdóttir og Ásta Jóna Ásmundsdóttir

Fundarefni:

Farið yfir drög að skóladagatölum leik og grunnskóla 2020-2021. Ánægja með þau og eru þau samþykkt af stjórn foreldrafélagsins.

Foreldrafélagið fékk boð um að taka þátt í stofnun AK-HVA foreldrasamtaka sem eru foreldrasamtök á Akranesi og í Hvalfjarðarsveit fyrir grunnskóla í þessum tveimur sveitarfélögum. Tilgangur þessara samtaka er að búa til vettvang fyrir foreldrasamtal og foreldrasamstarf á svæðinu. Samtökin munu styðja við það foreldrastarf sem er fyrir í skólunum og standa fyrir ýmis konar fræðslu fyrir okkur foreldra um forvarnir, menntun og fleira. Markmiðið er að búa til öflugt tengslanet foreldra, bæði innan skólanna þriggja en einnig brúa bili á milli þeirra. Stofnfundur verður 25. Febrúar 2020. Allir foreldrar eru hvattir til að mæta.

Bára og Andrea gefa kost á sér í stjórnina og Inga María sem varamaður fyrir þær.

Ákveðið að greiða fyrir akstur starfsmanns Heimilis og skóla á stofnfundinn.

Rætt um áhuga á að sveitarfélagið fái ærslabelg og hoppukastala. Ærslabelgur myndi m.a. efla hreyfingu og útvist hjá ungmennum og eins hafa forvarnargildi sem og skemmtanagildi og það sama gildir um hoppukastala sem yrði eflaust vel nýttur á skemmtunum s.s. 17. Júní ofl.

Rætt um möguleikann að fá skyndihjálparnámskeið fyrir leik- og grunnskólabörn. Inga María ætlar að kanna það.

Rætt um vorhátíðina.

Fundargerð ritaði Ásta Jóna Ásmundsdóttir